

**180. aðalráðstefna**  
**Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu**  
október 2010

**Fara aldrei frá honum**

**Öldungur Neil L. Andersen**  
í Tólfpostulasveitinni

Ástkæru bræður mínir og systur vítt um heim, ég læt í ljós einlæga aðdáun á trú ykkar og því hugrekki sem ég sé í lífi ykkar. Við lifum á mjög merkilegum tíma – tíma sem felur í sér erfiðar áskoranir.

**Drottinn varar okkur við aðsteðjandi hættum**

Drottinn hefur ekki skilið okkur ein eftir á leið okkar aftur til hans. Hlustið á viðvaranir hans gegn aðsteðjandi hættum: „Verið varir um yður, vakið!“<sup>1</sup> „Verið ... á verði ... látið eigi blekkjast.“<sup>2</sup> „[Verið] vel á verði og [sýnið] gætni.“<sup>3</sup> „Hafið gát á yður, að þér ... eigi ... fallið frá staðfestu yðar.“<sup>4</sup>

Ekkert okkar er ónæmt fyrir áhrifum heimsins. Ráðleggingar Drottins halda okkur vökulum.

Þið minnst reynslu Jesú í Kapernaum, þegar lærisveinar sem höfðu fylgt frelsaranum vildu ekki viðurkenna hann sem son Guðs. Í ritningunni stendur: „Upp úr þessu hurfu margir af lærisveinum hans frá og voru ekki frammar með honum.“<sup>5</sup>

Þá sagði Jesús við þá tólf: „Ætlið þér að fara líka?“<sup>6</sup>

**Ætlið þér að fara líka?**

Í mínum huga hef ég svarað þeirri spurningu mörgum sinnum: „Alls ekki! Ekki ég! Ég mun aldrei fara frá honum! Ég verð ætíð hér!“ Ég veit að þið hafið gefið sama svar.

En spurningin, „Ætlið þér að fara líka?“ fær okkur til að hugsa um eigið varnarleysi. Lífið er ekki nein andleg lautarferð. Orð postulanna við aðrar aðstæður koma hljóðlega í huga okkar: „Ekki er það ég, herra?“<sup>7</sup>

Við förum ofan í skírnavatnið með gleði og eftirvæntingu. Frelsarinn segir við okkur „komið til mín“<sup>8</sup> og við bregðumst við og tökum á okkur nafn hans. Ekkert okkar vill að ferð okkar verði endasleppt daður við andlegheit, hvað þá heldur athyglisverður lokakafli. Vegur lærisveinsins er ekki fyrir þá sem eru hálfvolgir í hjarta. Jesús sagði: „Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni og öllum huga þínum,“<sup>9</sup> „Hver sem vill fylgja mér,“ sagði hann, „afneiti sjálfum sér, taki kross sinn og fylgi mér.“<sup>10</sup>

Þegar við fylgjum frelsaranum, munu áskoranir vafalaust mæta okkur. Sé þeim mætt af trú, mun sú þroskandi reynsla færa okkur dýpri sannfæringu um raunveruleika frelsarans. Sé þeim mætt að hætti heimsins, mun sú sama reynsla byrgja okkur sýn og draga úr

einbeittni okkar. Sumir sem við elskum og dáum bregða sér út af hinum krappa og þrönga vegi, og „[eru] ekki frammar með honum.“

### **Hvernig getum við haldist trúföst?**

Hvernig verðum við stöðugt trú frelsaranum, fagnaðarerindi hans, og helgiathöfnum prestdæmis hans? Hvernig þróum við trú og styrk til þess að fara aldrei frá honum?

Jesús sagði: „Nema þér snúið við og verðið eins og börn, komist þér aldrei í himnaríki.“<sup>11</sup> Við munum þarfnast hins trúaða barnshjarta.

Með krafti friðþægingar hans, eigum við að verða sem „barn, [undirgefin, hógvær, auðmjúk, þolinmóð, elskurík og reiðubúin] að axla allt sem Drottni þóknast á [okkur] að leggja, á sama hátt og barn, sem beygir sig fyrir föður sínum.“<sup>12</sup> Þetta er gjörbreyting hjartans.<sup>13</sup>

Við sjáum fljótt hvers vegna umbreyting hjartans er nauðsynleg. Tvö hugtök vara við aðsteðjandi hættu:

Hugtökinn eru móðgunargirni og blygðun.

### **Veljið að láta ekki móðgast**

Við þá sem áttu í vandræðum með guðdómleik frelsarans sagði Jesús: Hneykslar þetta yður?<sup>14</sup> Í dæmisögunni um sáðmanninn aðvaraði Jesús: „Hann ... hefur enga rótfestu. „Hann er hvikull, og er þrenging verður eða ofsókn . . . bregst hann þegar.“<sup>15</sup>

Móðgunargirni birtist í mörgum myndum og á létt með að koma sér upp á leiksviðið. Fólk sem við höfum trú á veldur okkur vonbrigðum. Okkur mæta ófyrirséðir erfiðleikar. Líf okkar tekur ekki þá stefnu sem við áttum von á. Við gerum mistök, finnst við vera óverðug, og höfum áhyggjur af að okkur verði ekki fyrirgefið. Við efumst um eitthvað í kenningunni. Við lærum eitthvað sem sagt var í ræðustól kirkjunnar fyrir 150 árum sem veldur okkur hugarangri. Ekki er komið rétt fram við börn okkar. Við njótum ekki athygli eða erum ekki metin að verðleikum. Þetta geta verið 100 hlutir, hver um sig mjög raunverulegur fyrir okkur á þeirri stundu.<sup>16</sup>

Á veikleikastundum okkar leitast andstæðingurinn við að stela andlegum loforðum okkar. Ef við erum ekki á verði, mun særður andi okkar draga sig inn í hina köldu, myrku skel okkar fyrra uppblásna sjálfsálits, og hverfa frá hlýju og græðandi ljósi frelsarans.

Þegar Parley P. Pratt var dæmdur óréttmætt, árið 1835, sem kom honum illa og varpaði rýrð á hann og fjölskyldu hans, veitti spámaðurinn Joseph Smith þessa ráðgjöf: „[Parley], ... skildu slíka hluti eftir á göngu þinni ... [og] Guð almáttugur mun vera með þér.“<sup>17</sup>

Annað dæmi: Í október 1830 var Frederick G. Williams, vel þekktur læknir, skírður. Hann gaf þegar í stað af hæfileikum sínum og velmegun til kirkjunnar. Hann varð leiðtogi í kirkjunni. Hann gaf land undir Kirtland musteríð. Á árinu 1837, flæktur í erfiðleika þess tíma, gerði Frederick G. Williams alvarleg mistök. Drottinn lýsti því yfir í opinberun 1838 að „sem afleiðing af broti [hans] hefði fyrri staða hans [sem leiðtogi í kirkjunni] verið tekin af [honum].“<sup>18</sup>

Hin fallega lexía sem við lærum af Frederick G. Williams er, að „hvað sem líður persónulegum veikleikum hans, átti hann þann persónustyrk sem þurfti til að endurnýja hollustu sína við Drottin, spámanninn og ... kirkjuna, þegar það hefði verið svo auðvelt að sökkva sér niður í biturleika.“<sup>22</sup> Á vordögum 1840, mætti hann á aðalráðstefnu, baðst auðmjúklega fyrirgefningar á fyrri framkomu sinni, og lét í ljós að hann væri ákveðinn í að gera vilja Guðs framvegis. Hyrum Smith flutti mál hans og honum var fúslega fyrirgefið. Hann dó sem trúfastur meðlimur kirkjunnar.

Nýlega hitti ég forseta Recife musterisins í Brasilíu, sem ber nafnið Frederick G. Williams. Hann greindi frá því hvernig stórmannleg ákvörðun langalangafa hans, hefði blessað fjölskyldu hans og hundruð afkomenda.

### **Veljið að blygðast ykkar ekki**

Móðgunargirni á sér beiskan félaga sem nefnist blygðunarsemi.

Í Mormónsbók lærum við um sýn Lehís af lífsins tré. Í sýninni er talað um þær göfugu sálir sem „sóttu fram í gegnum dimma þokuna, ríghaldandi sér í járnstöngina,“ komust áfram og „gátu neytt af ávextinum, sem tréð bar.“<sup>20</sup>

Nefí lýsti ávextinum sem „elsku Guðs,“<sup>21</sup> er var ljúffengur og „varð [til þess að sálin var] gagntekin ákaflega miklum fögnuði.“<sup>22</sup>

Eftir að hafa bragðað ávöxtinn, sá Lehi „stóra og rúmmikla byggingu ... fulla af fólki ... öldnu og ungu ... körlum og konum ... sem var frábærlega vel klætt stóð og hæddi og benti á þá, sem ... voru að neyta [ávaxtarins].“<sup>23</sup> Engill útskýrði að háðið og spottið og bendingarnar táknuðu hroka og visku heimsins.<sup>24</sup>

Lehi sagði einfaldlega „við gáfum þeim engan gaum.“<sup>25</sup>

Því miður voru aðrir sem létu hugfallast. Í ritningunni stendur: „Eftir að hafa bragðað á ávextinum *blygðuðust þeir sín* fyrir þeim sem hæddu þá. Og þeim skrikaði fótur, þeir lentu á forboðnum vegum og glötuðust.“<sup>26</sup>

Sem lærisveinar Krists erum við aðgreind frá heiminum. Stundum kann okkur að finnst óþægilegt þegar hæðst er að og því er hafnað sem er okkur heilagt.<sup>27</sup> Monson forseti ráðlagði: „Séu rætur vitnisburðar ykkar ekki taustar, verður erfitt fyrir ykkur að standast háð þeirra sem ráðast á trú ykkar.“<sup>28</sup> Nefí sagði, „[gefum] þeim engan gaum“<sup>29</sup> Páll áminnti: „Því að ekki gaf Guð oss anda hugleysis, heldur anda máttar og anda kærleiks ... Fyrirverð þig því ekki fyrir vitnisburðinn um Drottin vorn.“<sup>30</sup> Við förum aldrei frá honum.

Þegar ég fylgdi Dieter F. Uchtdorf forseta til Austur-Evrópu í fyrra, undraðist ég trú og hugrekki hinna heilögu. Einn prestdæmisleiðtogi í Úkraínu sagði okkur frá því að hann hefði verið kallaður í starf greinarforseta vorið 1994, aðeins sex mánuðum eftir skírni sína. Það þýddi að trú hans varð lýðum ljós og eins vinna hans við að fá kirkjuna skráða í borginni Dnipropetrovsk. Það var mikill óvissutími í Úkraínu, og það að sýna opinberlega trú á Krist og endurreista fagnaðarerindið hefði getað leitt til erfiðleika, þar á meðal hefði hann getað misst starf sitt sem flugmaður.

Prestdæmisleiðtoginn sagði okkur: „Ég baðst stöðugt fyrir. Ég átti vitnisburð, og ég hafði gert sáttmála. Ég vissi til hvers Drottinn ætlaðist af mér.“<sup>31</sup> Með hugrekki, án þess að blygðast sín fyrir fagnaðarerindi Jesú Krists, hélt hann ásamt konu sinni fram á við í trú.

### **Par sem mikið er gefið, er mikils krafist**

Sumir spyrja: „Þarf ég að vera svo frábrugðinn öðrum?“ „Get ég ekki verið lærisveinn Krists án þess að hugsa svo mjög um framkomu mína?“ „Get ég ekki elskað Krist án þess að halda skírlífislögmálið?“ „Get ég ekki elskað hann og gert það sem mér sýnist á sunnudögum?“ Jesús gaf við þessu einfalt svar: „Ef þér elskið mig munuð þér halda boðorð mín.“<sup>32</sup>

Sumir spyrja: „Eru ekki margir annarrar trúar sem elska Krist?“ Auðvitað er það svo! En sem meðlimir Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, með vitneskju um raunveruleika hans, ekki aðeins úr Biblíunni, heldur einnig úr Mormonsbók; vitandi að prestdæmi hans var endurreist á jörðunni; hafa gert helga sáttmála um að fylgja honum og hafa meðtekið gjöf heilags anda og þegið kraft í heilögu musteri hans; verandi þátttakendur í að undirbúa dýrðlega endurkomu hans til jarðar; sem slík getum við ekki líkt því sem við eigum að vera við þá sem ekki hafa meðtekið þennan sannleika: „Af þeim, sem mikið er gefið, er mikils krafist.“<sup>33</sup>

Drottinn hefur sagt: „Þó mátt þú sjálfur velja.“<sup>34</sup>

Ég lofa ykkur því, að þegar þið veljið að móðgast ekki eða blygðast ykkar ekki, munuð þið finna ást hans. Þið munuð finna að þið farið að líkjast honum meira.<sup>35</sup>

Munum við skilja allt? Auðvitað ekki. Við munum leggja sum mál á hilluna til að öðlast skilning á þeim síðar.

Verður allt sanngjarnt? Svo verður ekki. Við munum sætta okkur við sumt sem við fáum ekki breytt, og fyrirgefa öðrum þegar okkur sárnar.

Mun okkur stundum finnast við aðskilin frá þeim sem umhverfis okkur eru? Algjörlega.

Munum við stundum undrast er við sjáum þá reiði sem fáeinir bera til kirkju Drottins, og tilraunir þeirra til að stela veikri trú þeirra sem tæpast standa?<sup>36</sup> Já. En þetta mun ekki tefja vöxt eða örlög kirkjunnar, né þarf það að skaða andlega framför okkar, hvers og eins, sem lærisveina Drottins, Jesú Krists.

### **Fara aldrei frá honum**

Ég elska þessi orð úr uppáhalds sálmi:

„Þá sál Jesús kaus sér að treysta og kalla

vil ég ekki, get ekki, látið í óvinahendur falla;

þá sál, þótt allir vindar heljar í móti blási,

mun ég aldrei, nei aldrei, mun ég aldrei, nei aldrei,

mun ég aldrei, nei aldrei, yfirgefa!<sup>37</sup>

Fullkomnun fæst ekki í þessu lífi, en við sýnum trú á Drottin, Jesú Krist, og höldum sáttmála okkar. Monson forseti hefur lofað: „Vitnisburður ykkar, þegar hann er sífellt nærður, mun veita ykkur öryggi.“<sup>38</sup> Við skjótum rótum okkar æ dýpra, nærumst daglega á orðum Krists í ritningunum. Við reiðum okkur á orð lifandi spámanna sem sett eru fram fyrir okkur til að vísa okkur veg. Við biðjum og biðjum, og hlustum á hljóðláta rödd heilags anda sem leiðir okkur áfram og veitir okkur sálarfrið. Hverjar sem áskoranir okkar eru, yfirgefum við hann aldrei.

Frelsarinn spurði postula sína: „Ætlið þér að fara líka?“<sup>39</sup> Pétur svaraði: „Herra, til hvers ættum vér að fara? Þú hefur orð eilífs lífs, vér trúum og vitum, að þú ert hinn heilagi Guðs.“<sup>40</sup>

Einnig ég á þann vitnisburð. Um það ber ég vitni, í nafni Jesú Krists, amen.

## HEIMILDIR

1. Mark 13:33.
2. K&S 46:8.
3. K&S 42:76.
4. 2 Pét 3:17.
5. Jóh 6:66.
6. Jóh 6:67.
7. Matt 26:22.
8. 3 Ne 9:14.
9. Matt 22:37.
10. Mark 8:34.
11. Matt 18:3, sjá einnig Mark 10:15, Lúk 18:17, 3 Ne 9:22; 11:37–38.
12. Mósía 3:19.
13. Sjá Alma 5:14.
14. Jóh 6:61.
15. Matt 13:21.

16. Sjá David A. Bednar, „And Nothing Shall Offend Them,“ *Liahóna*, nóv. 2006, 89–92.
17. Joseph Smith í *Autobiography of Parley P. Pratt* ritstýrt af Parley P. Pratt yngri (1938), 118.
18. Í *History of the Church*, 3:46, neðanmálgrein.
19. Frederick G. Williams, „Frederick Granger Williams of the First Presidency of the Church,“ *BYU Studies*, bindi 12, nr. 3 (1972): 261.
20. 1 Ne 8:24.
21. 1 Ne 11:25.
22. 1 Ne 8:12.
23. 1 Ne 8:26–27; sjá einnig vers 33.
24. Sjá 1 Ne 11:35–36, 12:18–19.
25. 1 Ne 8:33.
26. 1 Ne 8:28, leturbreyting hér.
27. Boyd K. Packer forseti sagði: „Aðallega vegna sjónvarpsins [og Alnetsins], búum við í rauninn í þeirri rúmmiklu byggingu, fremur en að við horfum inn í hana.“ „Finding Ourselves in Lehi’s Dream,“ *Liahóna*, maí 2009, 126.
28. Í sömu ræðu, sagði Thomas S. Monson forseti: „Hin stóra og rúmmikla bygging í sýn Lehis táknar þá í heiminum sem hæðast að orði Guðs og gera gys að þeim sem taka á móti því og sem elska frelsarann og fara eftir boðorðunum.“ (Thomas S. Monson, „May You Have Courage,“ *Liahóna*, maí 2009, 126).
29. 1 Ne 8:33.
30. 1 Tím 1:7–8.
31. Úr einkasamræðum og úr þýddum útdrætti af Alexander Davydov Oral History, skráð 16. júlí 2010.
32. Jóh 14:15.
33. K&S 82:3.
34. HDP Móse 3:17.
35. Sjá 1 Ne 19:9.
36. Sjá 2 Ne 28:20.

37. Lausleg þýðing á 7. erindi sálmsins, „Vor Guð hefur spámönnum gefið sitt mál,“ en þrjú fyrstu erindin eru í bókinni *Sálmar*, 21.

38. Thomas S. Monson, „May You Have Courage,“ *Liahóna*, maí 2009, 123–27.

39. Jóh 6:67.

40. Jóh 6:68–69.